

Hættutímarnir mestu og varúðarþörfin

I.

Aðalmein í þjóðlifi Íslendinga hefur sundurlyndið verið og ófriðurinn sem af því hlaust. Eru þar glegst dæmin frá 13. öldinni. Kraftinn, sem þá var í íslensku þjóðlifi, verður að telja með hinum mestu ólíkindum, þegar þess er gætt hversu fára enn þjóðin var. En þó er hitt ekki síður með ólíkindum, hversu mikil hnignum varð hjer á fáeinum áratugum, eftir deilur hjer innanlands og ófrið, miklu meiri en dæmi voru til aður í sögu þjóðarinnar. Þarf ekki að esa, að menn höfðu, um það bil er þessi ófriður hófst, aðeins mjög óljósar hugmyndir um það — eða öllu heldur, engar — hvíllkir úrslitahættutímar fóru þá í hönd. En þó eru nú á vorum dögum, hættutímar enn því miklu meiri. Því að nú eru hjer á jörðu, hættutímar meiri en nokkru sinni hafa verið aður í sögu mannkynsins.

II.

Það mundi ekki þykja viturlegt, ef einhverjir, sem þyrftu að lengja leið sína þar um, sem mjög væri vandfarið, tækju sjer fyrir hendur að fara að grafa undan, þar sem helst væri skriðubatt. En þó væri það nokkuð í vett við slikt athæfi, að fara að efla ófrið númer, á þessum hættumestu tímum.

Menn geta í síðustu bók minni Þónýal, lesið hugleiðingar mínum á nyársgrógarinn, um horfum á hinu nýbyrjaða ári. Og enginn getur nú, að árinu hálfnáðu, veri í neinum vafa um það, að sá uggur sem í þeim hugleiðingum lýsir sjer, var

ekki ástæðulaus. Og væri þó nú ennþá verri tíðinda von, ef ekki er væri gert til að afstýra þeim. En eitt sem í þeim efnum mætti gera, og mjög mundi greiða fyrir góðum tíðindum, er að sættum yrði komið á í verkfallsdeilu þeirri, sem nú er. Það er ekki mitt að segja neitt um það, hvorumeigin undanlássemrin ætti að vera meiri, því að í þeim efnum brestur mig þekkingu. En með vissu má segja, að aðalatriðið er þetta, að komið verði í veg fyrir ófrið.

III.

Íslenskir fornmann — að ógleyndum þeirra forfedi — voru furðu glöggskyggnir um margt, eins og jafnvel sjálf málid ber með sjer, svo að stórfrólegt er. En eitt af því sem fornmann vorir höfðu mikila ótrú á, var að menn væru ósáttir í veiðistöð; töldu þá aflavon minni, og að vísu fram yfir það sem af verkatöfinni einni gæti hlottist. Og í samræmi við þetta

er sá grunur minn, að síldarvertiðin muni reynast happasælli, ef sottir takast áóur hún hefst — eða frá náttúrunnar hendi eru ástæður til að hún geti hafist. Það mun heldur ekki reynast alveg þýðingarlaus, í þessu málí, að nokkuð sje gert fyrir minn ord. Mætti þess ýms dæmi nefna, að það hefur oft ekki vel gefist að hafa að engu orð þeirra sem spámenn hafa verið. Menn segja svo oft: „Jeg er enginn spámaður.“ En jeg ætla nú að gammi mínu, og hó einnig til nokkurs gagns að hafa það á hinn veginn, og segja: Jeg er nú einmitt spámaður. Getur hver sá sem hafa vill fyrir því að lesa bækur mínar, gengið úr skugga um, að jeg segi þetta satt. Og það mun reynast hafa eigi alllitla þýðingu fyrir framtíð íslensku þjóðarinnar, hvort menn taka mark á orðum mínum eða ekki.

25. júní.

Helgi Pjeturss.